

2015

ÁRSSKÝRSLA VESTURLANDSSKÓGA



Vesturlandsskógar

Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes



Efnisyfirlit

Inngangur	2
Stjórn	2
Starfsfólk	2
Húsnæði	2
Fjárveitingar	2
Yfirlit yfir starf Vesturlandsskóga 2015	3
Veðurfar	3
Skrifstofa, utanumhald	3
Tengsl við þátttakendur/bændur	4
Dreifingastöðvar	4
Framkvæmdir	5
Samstarf og rannsóknir	6
Plöntugæði	6
Rannsóknir	6
Nefndir, ráð, samvinna	6
Þátttaka í ráðstefnum og fræðsluferðum	7
Skipulag ársins 2015	8
Niðurlag	8
Ilmkjarnaolíur, ný skógarafurð á Íslandi?	9
Skýrsla stjórnar félags skógarbænda á Vesturlandi	10
Viðaukar	12
Fundargerðir	12
Ársreikningur	12

Forsíðumynd: Dóra Birgis.



Inngangur

Vesturlandsskógar starfa eftir lögum nr 95/2006. Markmið Vesturlandsskóga er að skapa skógarauðlind á starfssvæði sínu, rækta fjölnytja skóga og skjólbelti, treysta byggð og atvinnulíf. Starfssvæði Vesturlandsskóga er frá Reykjavík í suðri og norður í Gilsfjarðarbotn.

Stjórn

Stjórn Vesturlandsskóga skipa:
Guðbrandur Brynjúlfsson stjórnarformaður, skipaður af umhverfis og auðlindaráðherra.
Þórarinn Svavarsson, fulltrúi félags skógarbænda á Vesturlandi.
Valdimar Reynisson, fulltrúi Skógræktar ríkisins.



Stjórnin fv. Þórarinn, Valdimar og Guðbrandur

Starfsfólk

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir framkvæmdarstjóri í 100% stöðu.
Guðmundur Sigurðsson í 50% stöðu. Guðmundur lyklar bókhald Vesturlandsskóga, annast samskipti eftirlit og ráðgjöf til bænda.
Hraundís Guðmundsdóttir í 60% stöðu. Hraundís vinnur að áætlanagerð, eftirliti og ráðgjöf til bænda.



Húsnæði

Vesturlandsskógar hafa aðsetur að Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri. Eigandi húsnæðisins er Borgarland ehf en í sama húsi eru m.a. til húsa Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Framleiðnisjóður, héraðssetur Landgræðslu ríkisins og fleiri stofnanir.

Fjárveitingar

Fjárframlag út ríkissjóði til Vesturlandsskóga var 52,4 milljón króna á árinu 2015. Tilfærslur (keyptar plöntur og framlög til bænda) námu um 57% af rekstrarkostnaði, launakostnaður nam 35% og afgangurinn var kostnaður við rekstur (t.d. skrifstofa, bíll ofl.).



Yfirlit yfir starf Vesturlandsskóga 2015

Þessum kafla er skipt upp í nokkra undirkafla þar sem gerð er grein fyrir þeim verkefnum sem unnið var að á árinu.

Veðurfar

Veturinn var óvenju umhleyplingasamur, illviðri tíð og úrkomur miklar. Veturinn verður mörgum í fersku minni vegna þeirra fjölmörgu samgöngutruflana sem urðu þennan veturinn og töluvert foktjón varð í nokkrum illviðrana. Í kringum sumarmál skipti um veðurlag. Norðlægar áttir urðu nær einráðar og var kalt á suðvesturhorninu, en tíð var þó talin skárri. Snjóá leysti seint, heldur hlýnaði þegar á leið sumarið. Mánuðirnir september til nóvember urðu þeir hagstæðustu á árinu. Nokkuð úrkomusamt var á Vesturlandi. Í lok nóvember snjóaði óvenjumikið um landið suðvestanvert. Samkvæmt Veðurstofu Íslands var árið það kaldasta á öldinni, hingað til, en þó var hiti víðast hvar í rúmu meðallagi áranna 1961 til 1990. Árið í heild var úrkomusamt um meginhluta.

Veðurfarið hafði mikil áhrif á framgang gróðursetninga þetta árið. Á Vesturlandi voraði hægt og bítandi en ekkert vorhret var þó að hrella okkur. Hins vegar hafði kuldinn þau áhrif að snjóá leysti seint á Austur- og Norðurlandi og því gekk afhending plantna seint fyrir sig. Öll vorverk á gróðrarstöðvum drógust og þar með seinkaði afhendingu plantna. Hins vegar var ekki að sjá mikinn skaða á trjágróðri þannig að í tilliti til skógræktar var árið nokkuð hagstætt.

Skrifstofa, utanumhald

Uppgjör vegna nytjaskógræktar og skjólbeltaræktar voru gerð á haustdögum. Einungis er gert upp einu sinni á ári en það var gert í fyrsta skipti árið 2014 og gafst vel. Töluverður vinnusparnaður ávannst þar sem áður voru uppgjör gerð tvisvar á ári, eitt í ágúst og annað í nóvember-desember.



Áætlun ársins 2015 var kynnt snemma fyrir bændum, þ.e.

hvernig uppgjörum yrði hagað og einnig kynntar verklagsreglur varðandi úthlutun plantna og endurúthlutunum ef bændur hefðu ekki tök á að gróðursetja áætlað magn. Endurúthlutun átti sér stað seinna en áætlað hafði verið en vegna kalds vors komu plöntur seint á afhendingarstöðvar en það náðist þó að koma öllum plöntum út í byrjun júlí. Haustgróðursetningin tókst betur þar sem allar plöntur voru komnar út í septemberlok. Markmiðið er að vorplöntun sé lokið og dreifingarstöðvar tómar eigi síðar en vegna vorplöntunar 30. júní og haustplöntunar 30. september. Tilgangurinn með þessu var að auka gæði og eftirlit. Þetta hefur gefist vel og er áætlað að halda áfram á sömu braut.

Sumarleyfi: Skrifstofa var lokuð í tvær vikur í júlí en starfsfólk skipti annars með sér þeim tíma sem það var í sumarfrí.

Unnið var að úttæktum í ágúst, september og fram í október þar sem unnið var eftir ný innleiddum starfsreglum sem eru samræmdar á milli allra landshlutaverkefnanna í skógrækt. Þær starfsreglur voru útfærðar árið 2014 og gengu m.a. út á að farið var á ákveðna punkta í eins árs gróðursetningum og tekið út kerfisbundið á fyrirfram ákveðnum punktum sem valdir voru í GIS, gögnum safnað og þau færð í gagnagrunn. Einnig voru gróðursetningar ársins teknar út á hverri jörð með kerfisbundnum hætti og viðeigandi eyðublöð fyllt út. Áður en farið verður af stað næsta sumar mun aðferðafræðin og reynslan frá úttæktum 2014-2015 verða metin og vankantar sniðnir af en styrkur fékkst frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins til þessa verkefnis.



Tengsl við þátttakendur/bændur

Ársfundur verkefnisins var haldinn 29. janúar þar sem farið var yfir starfsáætlun ársins, minnt var á úthlutunar-, uppgjör- og úttektarreglur, auk þess voru rædd fleiri málefni sem brunnu á mönnum þá stundina. Einnig voru flutt fræðsluerindi og fundurinn endaði með sameiginlegum kvöldverði á Landnámssetri Íslands.

Allir þátttakendur sem gróðursettu fleiri en 2000 plöntur fengu heimsókn að loknum gróðursetningum að hausti. Gróðursetningarnar voru teknar út, auk þess fengu bændur ráðleggingar um framhaldið. Þessi þáttur í starfi Vesturlandsskóga verður seint metinn til fjár en gagnvirk fræðsla, miðlun upplýsinga og reynslu er veigamikill hluti af starfssemi verkefnisins til að árangur verði sem best er á kosið. Fræðsla er lykill að árangri.

Dreifingastöðvar

Engin breyting var á umfangi dreifingarstöðva hjá Vesturlandsskógum þetta árið. Plöntum var dreift frá þremur stöðvum, Reit í Reykholtssdal, Erpsstöðum í Dalabyggð og Ræktunarstöðinni Lágafelli á Snæfellsnesi.



Þessi mynd er tekin í skógræktarsvæðinu á Vilmundarstöðum í Reykholtssdal, handan árinna er Reykholt.




Framkvæmdir

Eins og mörg undanfarin ár hefði verið hægt að gróðursetja mun fleiri plöntur en efni stóðu til, eða allt að 30% fleiri miðað við umbeðin plöntufjöld. Alls var gróðursett á 55 jörðum á árinu en það er um helmingur þátttakenda í verkefninu.

Árið 2015 voru 311.032 plöntur gróðursettar á vegum verkefnisins, samningar um framleiðslu á plöntum voru við fjóra plöntuframleiðendur, en það voru Barri, Sólskógar, Furubrún og Álmur. Í töflunni hér fyrir neðan er sundurliðaður fjöldi plantna eftir tegundum.

Ilmbjörk	Stafafura	Sitkagreni	Sitkabastarður	Akaskaösp	Rússalerki	Evrópulerki	Hrymur	Bergfura	Hengibirki	Selja	Viðja	Samtals
52.890	126.710	49.996	14.128	8.660	25.440	5.480	22.520	2.520	2.304	72	312	311.032



Á árinu voru lagðir rétt tæpir 5 km af skjólbeltum (m.v. einfalt belti). Lítil áhersla hefur verið lögð á skjólbeltaræktun, nytjaskógræktin hefur notið forgangs fjármuna verkefnisins.

Ein ný ræktunaráætlun var unnin á árinu.

Nokkrir eldri samningar sem voru á grundvelli eldri laga um landshlutaverkefni í skógrækt voru endurnýjaðir á árinu.



Samstarf og rannsóknir

Plöntugæði

Í upphafi árs 2014 gerðu landshlutaverkefni (LHV) með sér samstarfssamning um rekstur rgc borðs (Root Growth Capacity). Markmið með því var að kanna ástand plönturóta en ein aðalsástæða plöntudauða eftir gróðursetningu er rótarkal. Á árinu fékkst styrkur úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins til að vinna að gæða og árangursmálum landshlutaverkefnanna, styrkurinn var nýttur til kaupa á öðru rgc borði sem staðsett er í húsakynnum Norðurlandsskóga á Akureyri.



Rakel Jónsdóttir starfsmaður Norðurlandsskóga sér um framkvæmd rgc prófana fyrir landshlutaverkefni.

Rannsóknir

Á árinu var plantað út kvæmatilraun með hengibirki í samstarfi við hin Landshlutaverkefni. Tilraunasvæðin eru staðsett víðsvegar um land og á Vesturlandi er hún staðsett á Tungufelli í Lundarreykjadal og á Setbergi á Skógarströnd.

Sumarið 2014 var stafafuru tilraun gróðursett á Rauðsgili í Reykhotlsdal og á Vörðufelli á Skógarströnd í samstarfi við Rsr Mógilsá og landshlutaverkefni.

Í haust voru báðar þessar tilraunir mældar og lifun og skemmdir metnar. Fróðlegt verður að fylgjast með tilraunarsvæðunum í framtíðinni.

Nefndir, ráð, samvinna

Framkvæmdarstjóri situr í fagráði skógaræktar fyrir hönd landshlutaverkefnana.

Vinna við gerð reglugerðar v laga nr 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt sem hófst um mitt ár 2013 lauk seinnipart árs 2014. Reglugerðin var samþykkt og tók gildi í upphafi árs 2015.

Starfshópur um sameiningu skógræktarstarfs ríkisins var stofnaður í júní, í september lagði hópurinn til við umhverfis- og auðlindaráðherra að það verði sameinað í eina stofnun. Um er að ræða starf Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt; Vesturlandsskóga, Skjólaskóga á Vestfjörðum,



Norðurlandsskóga, Héraðs- og Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga, auk umsjónar með Hekluskógum. Starfshópurinn var sammála um að sameining landshlutaverkefnanna og Skógræktar ríkisins í eina stofnun sé æskileg og skapi tækifæri fyrir framþróun og eflingu skógræktar í landinu. Í október var síðan auglýst eftir nýjum skógræktarstjóra sem hóf störf um áramót en Þröstur Eysteinnsson er nýr skógræktarstjóri og mun hann leiða vinnu við sameiningu framangreindra stofnana en stefnt er að því að það geti orðið 1. júlí 2016. Meðal helstu verkefna stofnunarinnar yrðu skipulag og ráðgjöf við nýræktun skóga, umhirðu og nýtingu, umsjón þjóðskóga eins og Hallormsstaðaskógar og Vaglaskógar, rannsóknir í skógrækt og fræðsla og kynning.

Þátttaka í ráðstefnum og fræðsluferðum

Árlega fagráðstefna skógræktar var haldin í Borgarnesi dagana 11.-12. mars 2015 og voru Vesturlandsskógar aðalskipuleggjandi þessa viðburðar, fyrstu mánuðir ársins fóru í undirbúning fyrir viðburðinn. Að þessu sinni var ráðstefnan haldin í samvinnu við NordGen Forest, skógar svið norrænu erfðavísindastofnunarinnar og var fyrri dagur ráðstefnunnar helgaður trjákyndótum að verulegu leyti, en yfirskrift hans var „Aukin framleiðni skóga á jaðarsvæðum með trjákyndótum“. Seinni dag ráðstefnunnar voru svo fjölbreytt erindi um hinar ýmsu hliðar skógræktar, þó mörg tengd hinum margvíslegustu nytjum skóga.

Framkvæmdarstjóri fór í fagferð framkvæmdastjóra LHV til Finlands og Álandseyja í október þar sem skoðaðar voru skógarnytjar á smáum skala en ferðin var í rauninni beint framhald ferðar sem framkvæmdarstjórnir fóru í árið áður til Svíþjóðar.



Framkvæmdastjórnar landshlutaverkefna í skógrækt á Álandseyjum, talið frá vinstri: Ólöf Sigurbjartsdóttir Héraðs- og Austurlandsskógum, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir Vesturlandsskógum, Björn Jónsson Suðurlandsskógum, Valgerður Jónsdóttir Norðurlandsskógum og Sæmundur Þorvaldsson Skjólaskógum á Vestfjörðum.



Skipulag ársins 2015

Vinna við einstaka þætti sem greint er frá í ársskýrslu 2015 er einfölduð í töflunni hér fyrir neðan.

Janúar	Vinna við ársskýrslu, undirbúningur ársfundar í lok janúar og fagráðstefnu í mars. Framkvæmdir 2014 færðar inn í landupplýsingakerfi.
Febrúar	Undirbúningur fagráðstefnu. Sumarið skipulagt.
Mars	Fagráðstefna, úthlutun plantna, dreifingarstöðvar útbúnar+fundur með umsjónarmönnum á dreifingarstöðvum. Plöntur sendar í gæðapróf (rgc borð).
Apríl	Undirbúningur fyrir sumarið, gerð korta v framkvæmdarskráningar fyrir bændur, skipulag við úttektir.
Mái	Undirbúningur fyrir sumarið, gróðursetning í tilraunir. Þjónusta við bændur, framleiðendur og dreifingarstöðvar.
Júní	Þjónusta við bændur, framleiðendur og dreifingarstöðvar.
Júlí	Sumarfrí
Ágúst	Þjónusta við bændur, framleiðendur og dreifingarstöðva. Úttektir, gæða og árangursmat.
Setember	Úttektir, gæða og árangursmat. Mæling tilrauna.
Október	Uppgjör, frágangur vegna úttekta.
Nóvember	Rekstraráætlun. Frágangur, mat á árangri, framkvæmdir 2015 færðar inn í landupplýsingakerfi, áætlanagerð v 2016.
Desember	Framkvæmdir 2015 færðar inn í landupplýsingakerfi ofl. Áætlanagerð.

Niðurlag

Á undanförunum hefur fjármunum til Vesturlandsskóga að mestu verið varið til plöntukaupa og tilfærslur. Allra síðustu ár hefur verið aukin áhersla á úttektir og gæðamál sem hafa legið á milli hluta en í upphafi ársins 2014 var sett það markmið að leggja áherslu á þann hluta starfsseminar, haldið var áfram á sömu braut 2015. Gæði, eftirlit, fræðsla og ráðgjöf voru því í brennidepli á árinu. Það er mat starfsmanna Vesturlandsskóga að vel hafi tekist til á árinu 2015.





Ilmkjarnaolíur, ný skógarafurð á Íslandi?

Hraundís Guðmundsdóttir, skógræðingur og ilmólíufræðingur.

Úrdráttur úr erindi sem flutt var á aðalfundi LSE 2015.

Ilmkjarnaolíur (e. Essential Oils)

Ilmkjarnaolíur eru ilmandi efnasambönd úr plöntum. Þær eru notaðar í snyrtivörur, ilmvötn, baðsölt, nuddolíur, til lækninga og ýmislegt fleira. Þær hafa mismunandi lykt, efnasamsetningu og virkni eftir því úr hvaða plöntum þær eru unnar. Þær eru ýmist bakteríudrepandi, sótthreinsandi, róandi, örvandi, blóðþrýstingslækkandi, græðandi svo eitthvað sé nefnt. Notuð eru sérstök eimingatæki til að ná ilmjkjarnaolíunum, þar sem plöntur eru soðnar við gufu til að ná olíunni úr þeim. Gufan er kæld niður í vökva og þar sem olían er léttari en vatnið flýtur hún ofan á. Þannig er auðvelt að ná hreinni olíu frá vatninu. Ekki eru allar plöntur með ilmjkjarnaolíu og það er mismunandi hvaða partur af jurtinni er notaður en það eru ýmist nálar, blöð, blóm, fræ, rætur, stönglar og viður sem gefa olíu. Önnur afurð er vatnið sem kemur við eiminguna en það er notað í snyrtivörur. Ilmkjarnaolía er mjög dýr afurð en einn liter af olíu kostar í smásölu frá 10.000 til 900.000 krónur en verðið fer eftir því hversu mikið þarf að plöntunni/plöntuhlutanum til að ná ilmjkjarnaolíunni úr. Plönturnar eru því misverðmætar. Mikið er flutt inn af ilmjkjarnaolíum til landsins en þær hafa ekki verið framleiddar hér á landi áður.



Ég er lærður ilmólíufræðingur og hef notað ilmjkjarnaolíur í mörg ár meðal annars á nuddstofu sem ég rak. Það var búið að vera draumur hjá mér í mörg ár að framleiða ilmjkjarnaolíur heima hjá mér á Rauðsgili í Reykholtssdal, að rækta og nýta plöntur sem þar vaxa. Mig skorti þekkingu á því ferli hvernig olíurnar eru unnar en sú þekking er ekki mikil hér á landi. Ég fór í janúar 2015 til Sedona í Arizona til að læra verkferlið við að eima plöntur.

Framleiðslan

Eftir að heim var komið gerði ég upp gamla mjólkurhúsið á Rauðsgili til að nota við framleiðsluna. Eimingartækin smíðaði frændi minn en það var mun ódýrara en að kaupa þau erlendis frá. Síðan fékk ég hjálp frá lærimeisturunum frá Arizona, en þau komu að aðstoða mig við að setja upp eimingartækin og byrja að eima fyrstu plönturnar. Sumarið 2015 fór í að gera tilraunir á ýmsum tegundum af plöntum sem vaxa í villtri náttúru Íslands og farið verður í að prófa fleiri næsta sumar.

Síðan prófaði ég í haust að eima barrtré úr skógum Íslands. Það verður að segjast að ilmjkjarnaolíur úr sígrænum plöntum ilma alveg einstaklega vel. Þær eiga það flestar sameiginlegt líka að vera bakteríudrepandi og því góðar til að koma í veg fyrir kvef og flensur. Þær er frábært að nota í ilmlampa á heimilum og einnig vinnustöðum.

Núna er ég að framleiða og selja, sex tegundir af ilmjkjarnaolíum sem allar eru unnar úr sígrænum trjám. Olíurnar eru seldar á heimasíðunni hraundis.is og einnig eru þær til sölu hjá Eirberg í Kringlunni og Landnámssetrinu. Á næstu mánuðum fara þær í sölu á fleiri stöðum.



Skýrsla stjórnar félags skógarbænda á Vesturlandi

Pórarinn Svavarsson, formaður.

Starf stjórnar Félags skógarbænda á Vesturlandi (FsV) á árinu 2015 snerist að miklu leiti um aðalfund LSE sem var haldinn í Stykkishólmi 2-3 október, þeir voru ófáir fundirnir og tölvupóstarnir og nokkrar ferðir voru farnar til að skoða aðstæður og til að hitta fólk sem lagði lóð á vogarskálar með okkur.

Þann 22. apríl sendi Félag skógarbæna á Vesturlandi inn umsókn til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands með dyggri aðstoð

Vesturlandsskóga. Þetta var vel unnin og ítarleg umsókn gerð af verkefnastjóranum Sigríði Júlíu Brynleifsdóttur. Þann 29. maí barst eftirfarandi póstur frá Uppbyggingarsjóð Vesturlands: Ágæti umsækjandi umsókn þín um stuðning frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands var hafnað.

Félagið fékk Trausta Tryggvason kennara til að vera með námskeið í tálgun í ferskan við. Námskeiðið var haldið á Hvanneyri dagana 24. Og 25. apríl. Þetta var mjög skemmtilegt og vel sótt. Trausti kenndi okkur grunnatriði í meðferð tálguhnífa og allir gerðu kertastjaka með tálguðum sveppum og fuglahús. Gaman væri að gera eitthvað svona aftur.

Það hefur verið hefð hjá félögum í FsV að hittast þann 23. júní á afmælisdegi Félags skógarbænda á Vesturlandi, hjá einhverjum skógarbændum. Í þetta sinn buðu hjónin á Gautastöðum í Dalabyggð þau Nína Björg Ragnarsdóttir og Halldór Jóhannsson félögum FsV í heimsókn. Á Gautastöðum hafa verið gróðursettar 184 þúsund plöntur frá árinu 2001 og lagðir 2,5 km af skjólbeltum. Því miður átti ég ekki heimangengt þennan dag, en engu að síður fór þetta vel fram. Þegar allir voru mættir á hlaðið á Gautastöðum var lagt af stað í göngu um nágrenni bæjarins og skógræktin skoðuð. Að því loknu voru grillaðir hamborgarar og spjallað fram á kvöld og voru þau Halldór og Nína höfðingjar heim að sækja.



Skógarbændur á Vestfjörðum komu í heimsókn á Vesturland þann 10. og 12. ágúst og tóku skógarbændur víða á Vesturlandi vel á móti þeim og sýndu skógræktina sína, svo sem á Hrótsstöðum, Setbergi, Breiðabólstað, Rauðkollsstöðum, Brúarlandi, Rauðsgili, Kirkjubóli, Þorgautsstöðum, Tungufelli og svo var endað með glæsilegri grillveislu á Oddsstöðum.

Eins og fram hefur komið héldu Landssamtök skógareigenda sinn átjándi aðalfund í Stykkishólmi daganna 2. og 3. október í samstarfi við Félag skógarbænda á Vesturlandi. Fundurinn gekk vel, um 90 skógarbændur og gestir mættu til fundar.

Dagskráin hófst kl 14 á föstudag með venjulegum aðalfundarstörfum, skýrslum formanns Lse, Jóhanns Gísla Jóhannssonar og framkvæmdastjóra Lse, Hrannar Guðmundsdóttur. Gestir sem





ávörpuðu fundinn voru Umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, formaður Bændasamta Íslands, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson og Pröstur Eysteinnsson, fagmálastjóri Skógræktar ríkisins.

Málþing var haldið í tengslum við aðalfundinn. Í fyrri hluta málþingsins var rætt um fjölbreyttar nytjar úr skógi. Hulda Guðmundsdóttir flutti erindi um asparnytjar á Fitjum og Hraundís Guðmundsdóttir frá Rauðsgili um vinnslu á ilmkjarnaolíum úr skógarnytjum. Í seinni hluta málþingsins flutti Valgerður Jónsdóttir framkvæmdastjóri

Norðurlandsskóga erindi um árangursmat í skógrækt. Gestum málþingsins var skipt í fimm hópa þar sem farið var yfir nokkrar spurningar um skógræktarframkvæmdir og leiðir til úrbóta.

Aðalfundi var framhaldið á laugardeginum með afgreiðslu mála og kosningu. Af málum sem voru til umfjöllunar má nefna fyrirhuguða sameingingu landshlutaverkefnanna og Skógræktar ríkisins, fjárveitingar til skógræktarmála og greiðslu vegna kolefnisbindingar til skógarbænda.

Að loknum aðalfundi tók Félag skógarbænda á Vesturlandi við og bauð til skógargöngu í skóginum við Grensás og þar á eftir til árshátíðar skógarbænda á Hótel Stykkishólmi.

Áður en haldið var út í skóg fengu skógarbændur kynningu hjá Sigurbirni Einarssyni á sprotafyrirtækinu Rootopia og nýrri tækni við vélvæðingu á framleiðslu lífefldra hnausaplantna. Síðan var gengið út í skóg þar sem Trausti Tryggvason formaður Skógræktarfélag Stykkishólms leiddi hópinn í gegnum skóginn í Grensási og sagði frá starfi skógræktarfélagsins. Jötunnvélar voru með kynningu m.a. á skógarverkfærum, eldstæðum og torfærubíl meðan á fundi stóð og út í skógi. Þar var einnig til sýnis keppavél frá fyrirtækinu Rootopia sem Haraldur Magnússon í Belgsholti hefur hannað og smíðað að hluta og kurlara frá Daníel Þórarinnssyni Stapaseli. Vesturlandsskógar og Jötunn vélar ehf. buðu upp á veitingar í skjólgóðum lundi í skóginum.

Að lokinni skógargöngu var árshátíð skógarbænda haldin undir öruggari stjórn Sigurgeirs Sindra sem var veislustjóri. Lárus Ástmar Hannesson söng, Ingi Hans Jónsson sagði skemmtisögur og Sigurkarl Stefánsson sá um undirleik fyrir fjöldasöng.





Vesturlandsskógar

Viðaukar

Fundargerðir

Ársreikningur



61. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal Hvanneyrargötu 3, þriðjudaginn 20. Janúar 2015 kl 10:30

Til fundar voru mætt: Stjórnarmennirnir Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, Valdimar Reynisson og Þórarinn Svavarsson, og jafnframt Sigríður Júlía Brynleifsdóttir framkvæmdarstjóri Vesturlandsskóga sem ritaði fundargerð. Guðmundur Sigurðsson starfsmaður Vesturlandsskóga og María Magnúsdóttir hdl. sátu einnig fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt og undirrituð.
2. Umsóknir, meðferð og staða þeirra.

Guðbrandur fór yfir hvernig meðferð umsókna hefur verið unnin hingað til.

Í ljósi þess að fjárframlög til Vesturlandsskóga hafa verið skorin umtalsvert niður undanfarin ár, ákvað stjórn Vesturlandsskóga að setja allar umsóknir í verkefnið í biðstöðu. Stjórnin tekur afstöðu til umsókna og tekur inn í verkefnið í samræmi við fjárlög hverju sinni skv 1 mgr, 3 greinar laga nr. 95/2006. Allar umsóknir verða bókaðar í fundargerðir stjórnar um leið og þær berast og viðkomandi umsækjanda tilkynnt bréflega um afgreiðslu umsóknarinnar.

Eftirtaldar jarðir eru á biðlista (í tímaröð):

Jörð	Sveitarfélag	dagsetning umsóknar
Straumfjörður	Borgarbyggð	2.9.2009
Stóri-Langidalur	Dalabyggð	2.2.2011
Slitvindastaðir	Staðarsveit	25.11.2011
Glammasstaðaland	Hvalfjarðarsveit	2.4.2013
Grjóteyri	Borgarbyggð	1.8.2013
Skarfsstaðir	Dalabyggð	19.12.2013
Hömluholt	Eyja-og miklaholtshreppur	31.12.2013
Múlakot	Borgarbyggð	31.1.2014
Seljar	Helgafellssveit	30.6.2014
Þursstaðir	Borgarbyggð	6.8.2014
Innri Fagridalur	Dalabyggð	4.9.2014
Lindarbrekka	Snæfellsbær	16.1.2015

3. Önnur mál. Slóðagerð, frkvstj falið að útfæra nýja tillögu að styrkveitingum til slóðagerðar.

Fundi slitið kl 11:35

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, fundarritari.



62. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal Hvanneyrargötu 3, föstudaginn 12. júní 2015 kl 13:00.

Til fundar voru mætt: Stjórnarmennirnir Guðbrandur Brynjúlfsson formaður, Valdimar Reynisson og Þórarinn Svavarsson stjórnarmenn og jafnframt Sigríður Júlía Brynleifsdóttir framkvæmdarstjóri Vesturlandsskóga sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar, samþykkt og undirrituð.
2. Fréttir úr stjórnarsýslunni. Sigríður sagði frá skipun vinnuhóps sem á að vinna að undirbúningi stofnunar nýrrar ríkisstofnunar skógræktar, vinnuhópurinn á að skila af sér skýrslu í ágúst en væntanleg sameining yrði um áramót. Afrit af skipunarbréfi og bréfi til Guðbrands formanns lagt fram til kynningar, þar sem þess er farið er á leit við stjórnarmenn að sitja í stjórn verkefnisins til áramóta.
3. Erindi frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur í hyggju að gera samning við Skógræktarfélag Íslands um landgræðsluskógrækt á jörð sinni Múlastöðum í Flókadal, en telur sig ekki geta það nema með samþykki Vesturlandsskóga vegna skörunar landgræðsluskógaverkefnisins við samning um nytjaskógrækt við Vesturlandsskóga, sem fyrir hendi er á hluta jarðarinnar.
Stjórn Vesturlandsskóga telur að skilgreint land sem er samningsbundið Vesturlandsskógum geti ekki jafnframt verið skilgreint sem landgræðsluskógasvæði. Stjórnin bendir á að annað land á Múlastöðum, sem ekki er samningsbundið Vesturlandsskógum, geti hentað sem landgræðsluskógasvæði, og hefur ekkert við það að athuga að um það land verði gerður samningur um landgræðsluskógrækt. Með hliðsjón af framansögðu hafnar stjórn Vesturlandsskóga því að samið verði um landgræðsluskógrækt á því svæði sem skilgreint er í núgildandi samningi við Vesturlandsskóga, en tekur undir að samt sem áður munu verkefni styðja hvert við annað.
4. Staða framkvæmda. Gróðursetningar fara rólega af stað, enn eru ekki allar plöntur komnar á dreifingarstöðvar. Framkvæmdir eru allavega tveimur vikum á eftir áætlun miðað við síðustu ár en þar er um að kenna tíðarfari í vor. Vesturlandsskógar taka þátt í kvæmatilraun með hengibirki, lagðar verða út tvær tilraunir á Vesturlandi þ.e. á Tungufelli í Lundarreykjadal og Setbergi á SKógarströnd.
5. Ársskýrsla 2014 lögð fram.
6. Önnur mál. Ákveðið var að fresta breytingu á styrkveitingum til slóðagerða vegna þeirra breytinga sem eru í farvatninu á skipulagi skógræktarstofnana ríkisins skv. lið 2.

Fundi slitið kl 14:20.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, fundarritari.



63. fundur stjórnar Vesturlandsskóga

Haldinn í fundarsal Hvanneyrargötu 3, þriðjudaginn 6. október 2015 kl 14:00.

Til fundar voru mætt: Stjórnarmennirnir Guðbrandur Brynjúlfsson formaður og Þórarinn Svavarsson, Valdimar Reynisson boðaði forföll, jafnframt sat Sigríður Júlía Brynleifsdóttir framkvæmdarstjóri Vesturlandsskóga fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Mótteknar og færðar á biðlista umsóknir vegna jarðanna Hreðavatns í Borgarbyggð og Bersekseyri við Grundarfjörð.
3. Beiðni Umhverfis og auðlindaráðuneytis um umsögn og gögn vegna meðferðar umsóknar eiganda Múlakots (S8 ehf) um inngöngu í Vesturlandsskóga.

Umsögn stjórnar Vesturlandsskóga til Umhverfis og auðlindaráðuneytis:

Umtalsverður kostnaður fylgir því að taka inn nýjar jarðir í landshlutaverkefni eins og Vesturlandsskóga sem felst í því að kortleggja og vinna ræktunaráætlanir fyrir hverja jörð. Þann 6. október 2015 eru 14 jarðir á biðlista inn í Vesturlandsskóga en ef verkefninu verði gert að taka allar jarðir inn sem sækja um í það, þá er ljóst að því mun fylgja umtalsverður kostnaður sem kæmi niður á starfssemi þess t.a.m. vegna plöntukaupa og styrkja. Á það skal einnig bent að um áramótin 2014/2015 voru Vesturlandsskógar búnir að gera samninga um 10.597 ha til skógræktar en einungis er búið að planta í 2545 ha frá því að verkefnið tók til starfa árið 2000.

Stjórn Vesturlandsskóga hvetur ráðuneytið til að skoða möguleika á því að landeigendur geti fengið virðisaukaskattsnúmer vegna fyrirhugaðrar skógræktar þó ekki liggi fyrir samningar við viðkomandi landshlutaverkefni. Með þessu móti er landeigendum auðveldað að hefja framkvæmdir t.d. að girða land af og fleira sem viðkemur skógrækt. Þrátt fyrir þau rök sem Jóhann Halldórsson færir fyrir því að Vesturlandsskógum beri að taka jörðina Múlakot inn í verkefnið, sér stjórn ekki ástæðu til að breyta afstöðu sinni og vísa í því sambandi í 1 mgr, 3 greinar laga nr. 95/2006 auk þess sem er tilgreint framur í þessari umsögn.

4. Önnur mál, engin

Fundi slitið kl 15.00

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, fundarritari

14-253 Vesturlandsskógar

ÁRSREIKNINGUR
2015

fjs FJÁRSÝSLA
RÍKISINS



14-253 Vesturlandsskógar

Ársreikningur 2015

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	<u>2015</u>	<u>2014</u>	<u>Fjárheimild</u>
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	1.901.909	1.507.529	0
Gjöld samtals.....	56.751.986	50.179.857	52.400.000
Framlag úr ríkissjóði.....	52.400.000	51.100.000	52.400.000
Hagnaður/tap ársins.....	-2.450.077	2.427.672	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	3.827.546	13.857.537	
Skuldir samtals.....	1.490.094	9.070.008	
Höfuðstóll í árslok.....	2.337.452	4.787.529	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	1.805.528	191.360	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

19.04.2016

Forstöðumaður

Aðalbókari

Rekstrarreikningur

	Reikningur 2015	Reikningur 2014	Fjárheimildir 2015
Tekjur			
Sértekjur.....	1.901.909	1.507.529	0
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	1.901.909	1.507.529	0
Gjöld			
Almennur rekstur.....	56.751.986	50.179.857	52.400.000
101 Vesturlandsskógar.....	56.751.986	50.179.857	52.400.000
Gjöld samtals	56.751.986	50.179.857	52.400.000
Tekjur umfram gjöld.....	-54.850.077	-48.672.328	-52.400.000
Framlag úr ríkissjóði.....	52.400.000	51.100.000	52.400.000
Hagnaður/tap ársins.....	-2.450.077	2.427.672	0

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2015	Reikningur 31.12.2014
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	1.805.528	191.360
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	1.793.674	13.168.069
Handbært fé.....	228.344	498.108
Veltufjármunir samtals.....	3.827.546	13.857.537
Eignir samtals.....	3.827.546	13.857.537
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	4.787.529	2.359.857
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-2.450.077	2.427.672
Höfuðstóll í árslok.....	2.337.452	4.787.529
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	2.337.452	4.787.529
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	0	0
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	1.490.094	9.070.008
Skammtímaskuldir samtals.....	1.490.094	9.070.008
Skuldir samtals.....	1.490.094	9.070.008
Skuldir og eigið fé samtals.....	3.827.546	13.857.537

Sjóðstreymi

	Reikningur 2015	Reikningur 2014
Hagnaður/tap ársins	-2.450.077	2.427.672
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	11.374.395	4.224.355
Breyting skammtímaskulda.....	-7.579.914	-6.774.456
Handbært fé frá rekstri	1.344.404	-122.429
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	-52.400.000	-51.100.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	50.785.832	51.351.028
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-1.614.168	251.028
Breyting á handbæru fé	-269.764	128.599
Handbært fé í ársbyrjun	498.108	369.509
Handbært fé, hreyfingar	-269.764	128.599
Handbært fé í árslok	228.344	498.108

